

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1097**  
**komudagur 14.12.2012**

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík 13. desember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um vörugjöld og tollalög 473. mál**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til breytinga á lögum um vörugjöld og tollalög og hafa eftirfarandi athugasemdir.

Við breytingu á tollalögum, máli 367 á 140. lögþingi fyrr á þessu ári var gerð eftirfarandi breyting skv. 1. gr og kom þessi breyting inn í frumvarpið eftir aðra umræðu:

*Við b-lið 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur til skemmtiferðaskipa, skráðra erlendis, sem eru notuð í innanlandssiglingum í allt að fjóra mánuði á hverju tólf mánaða tímabili.*

Við atkvæðagreiðslu um málið eftir 3. umræðu kom eftirfarandi fram hjá Helga Hjörvari, formanni efnahags- og viðskiptanefndar:

*„Það er sameiginlegur skilningur minn og flutningsmanns að þetta ákvæði sé lögfest til bráðabirgða til að mæta þeim skipakomum sem von er á í sumar, og að fjármálaráðherra muni í framhaldinu skipa starfshóp sem komi á haustþingið með tillögur um varanlegt fyrirkomulag skattlagningar skipaumferðar af þessu tagi sem þá verði tekin til nánari umfjöllunar“*

Vitað er að starfshópurinn sem skipaður var hefur lokið vinnu sinni og telja SAF mikilvægt að umræðum um málið sé komið sem fyrst í opinberan farveg með það að markmiði að lögum verði breytt að nýju, fyrir næsta sumar með það að markmiði að samkeppnisstaða jafnist á milli þeirra sem starfrækja skemmtiferðaskip og þeirra sem sinna ferðaþjónustu í landi.

Virðingarfyllt

Samtök ferðaþjónustunnar  
Gunnar Valur Sveinsson